



VINNUMHVERFI FAGMANNA
IÐAN - FRÆÐSLUSETUR
APRÍL 2011



MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð fyrir lðuna fræðslusetur. Markmið hennar var að meta vinnuhverfi fagmanna í matvælagreinum.

Könnunin var hvoru tveggja síma- og netkönnun. Könnunin fór fram dagana 14.-28. mars 2011. Hringt var í alla í úrtakinu og þeim boðið að svara í síma eða fá könnunina senda með tölvupósti. 190 útskrifaðir iðnsveinar úr hverri af fjórum matvælaiðngreinum voru valdir af handahófi í upphaflegt 760 manna úrtak. Endanlegt úrtak var að lokum vigtað m.t.t. tegundar sveinsprófs til þess að endurspegla þýði þeirra í heild (sjá nánar á næstu blaðsíðu).

SVÖRUN

Upphaflegt úrtak: 760

Ekki hluti af endanlegu úrtaki (búsettir erlendis, bannmerktir í Þjóðskrá eða látnir): 169

Endanlegt úrtak: 591

Náðist ekki í/svara ekki: 79

Neita að svara: 103

Fjöldi svarenda: 409

Svarhlutfall: 69,2%

Reykjavík 20. apríl 2011

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þorlákur Karlsson

Þóra Ásgeirsdóttir

Kristján Ketill Stefánsson

STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Kí-kvaðrat próf er marktektarpróf sem er notað til að meta hvort að marktækur munur er á bakgrunnshópum á svarkvörðum sem ekki teljast samfelldir.



Vigtun á úrtaki

Endanlegt úrtak innihélt um 150 einstaklinga úr hverri af fjórum tegundum sveinsprófs í matvælagreinum og svöruðu um 100 manns úr hverjum hópi – sjá í töflunni fyrir neðan. Þessi jafna skipting var gerð þrátt fyrir að misjafn fjöldi sé í hverjum hópi þýðisins (heildarfjöldi útskrifaðra frá árinu 1980) til þess að geta ályktað sem best um hvern hóp. Til þess að fá rétta heildarniðurstöðu er úrtakið svo vigtað eftir tegund sveinsprófs – sjá í töflunni. Fjöldatölur eftir vigtun eru námundaðar að næstu heilu tölu. Því getur verið að samanlagður fjöldi gilda svara sé ekki nákvæmlega sá sami á milli taflna í skýrslunni.

Sveinspróf	Gild svör	Hlutfall í úrtaki	Hlutfall í þýði /eftir vigtun
Bakaraiðn	104	25,4	14,7
Framreiðsluiðn	96	23,5	25,4
Kjötiðn	108	26,4	16,5
Matreiðsla	101	24,7	43,4
Alls	409	100,0	100,0




- Hátt í 38% hópsins hafa lokið iðnmeistaraprófi, ríflega 57% starfa við faggrein sína og 80% segja að námið hafi búið þau vel undir starf í faggreininni.
- Um 60% hópsins hafa mannaforráð, þrír fjórðu eru launþegar og um 17% atvinnurekendur eða sjálfstætt starfandi einyrkjar.
- Yfir 40% þeirra sem starfa ekki við faggrein sína hafa áhuga á að hefja störf í henni að nýju og tveir af hverjum þremur myndu mæla með því við ungt fólk að hefja nám í iðngrein þeirra .
- Hátt í þrír af hverjum fjórum hafa áhuga á að kynnast nýjungum í faggrein sinni, um þriðjungur hefur sótt námskeið í greininni sl. 2 ár, um 72% ánægð með möguleikana á að þróast í starfi, en aðeins tæplega 31% er ánægt með framboð á símenntun í faggreininni.
- Yfir 82% telja starfslýsingar á vinnustaðnum skýrar og um 31% finnst stjórnendur hafa mikil afskipti af starfi þeirra.
- Hátt í 78% telja að auðvelt sé að fá aðra vinnu í þeirra fagi, og rúmlega 59% segja að það sé mikið starfsöryggi í faggreininni.
- Ríflega 93% eru sammála því að þau séu stolt í starfi, hátt í 95% sammála að þau hafi góð tök á öllum þáttum starfs þeirra og rúmlega 87% að þau hafi mikil áhrif á hvernig starfið er unnið. Þá segja 54% að mikil streita fylgi starfinu.
- Hátt í 74% segja að upplýsingaflæði frá stjórnendum til starfsmanna sé gott og yfir 74% segja að upplýsingaflæði frá starfsmönnum til stjórnenda sé gott.
- Fast að 80% telja sig hafa tækifæri til að taka þátt í vöruþróun og nýjungum í fyrirtækinu og yfir 68% eru sammála því að vinnuumhverfið sé skapandi og hvetjandi.
- Um 88% svarenda eru ánægð í núverandi starfi og um 76% eru sammála því að það sé eftirsóknarvert að vinna á þeirra vinnustað.
 - Athugað var hvað myndi helst skýra starfsánægju og það hvort eftirsóknarvert sé að vinna á staðnum og það kom í ljós að fernt skipti mestu máli um það: 1) skapandi og hvetjandi vinnuumhverfi, vinsamleg umræða um fyrirtækið á vinnustaðnum, ánægja með launakjör og ánægja með möguleika á að sækja símenntun í faggreininni.
- Um 83% segja að umræða um fyrirtækið á vinnustaðnum sé vinsamleg og yfir 86% eru ánægð með starfsandann.
- Yfir 81% er ánægt með vinnuaðstöðuna annars vegar og með tækjabúnað og verkfæri hins vegar. Þá eru 86-87% ánægð með öryggi og aðbúnað og yfir 49% ánægð með launakjör á móti um 23% sem eru óánægð með launakjörin.



1. Hefur þú lokið iðnmeistaránámi í faggrein þinni?

	Fjöldi	%
■ Já, tveimur (eða fleirum)	3	0,9
■ Já, einni	149	36,7
■ Nei	253	62,4
Gild svör	405	100,0

	Fjöldi	%
Gild svör	405	99,1
Svara ekki	3	0,9
Alls	409	100,0




Það eru 37-38% úrtaksins sem hafa lokið iðnmeistaránámi – þar af þrír í fleiri en einni faggrein.

Á næstu síðu sést að eðli málsins samkvæmt er líklegra að þeir sem eru eldri hafi lokið iðnmeistaránámi fremur en þeir yngri. Þessu nátengt er að því lengra er síðan menn útskrifuðust með sveinspróf því líklegra er að þeir hafi lokið iðnmeistaránámi og meirihluti þeirra sem hafa lengri reynslu en 20 ár í faggreininni hefur iðnmeistarapróf. Þá má sjá að mikill minnihluti þeirra sem eru launþegar hefur iðnmeistarapróf en tæplega helmingur þeirra sem eru atvinnurekandi eða sjálfstætt starfandi.



2. Í hve mörg ár hefur þú unnið við faggrein þína?

	Fjöldi	%
■ 21-36 ár	99	24,5
■ 11-20 ár	149	36,8
■ 10 ár eða skemur	156	38,6
Gild svör	405	100,0



	Fjöldi	%
Gild svör	405	99,0
Svara ekki	4	1,0
Alls	409	100,0


Lengsta reynsla í starfi við faggrein er 36 ár, en um fjórðungur hópsins hefur 21-36 ára reynslu. Hátt í 37% hafa 11-20 ára reynslu og 38-39% 10 ára eða skemri reynslu.

Nánast allir bakgrunnspættir tengjast því hve lengi menn hafa unnið í faggreininni. Karlar hafa lengri starfsreynslu en konur og þeir sem eru í framreiðslu styttri en öðrum greinum og þeir sem hafa mannaforráð lengri reynslu en aðrir.



3. Starfar þú við faggrein þína í dag?

	Fjöldi	%
■ Já	235	57,4
■ Nei	174	42,6
<u>Gild svör</u>	<u>409</u>	<u>100,0</u>



	Fjöldi	%
Gild svör	409	100,0
Svara ekki	0	0
<u>Alls</u>	<u>409</u>	<u>100,0</u>

Hér kemur í ljós að aðeins ríflega 57% úrtaksins starfar enn við faggreinina, en tæplega 43% starfar ekki við hana.

Það að menn starfi í faggrein tengist fimm bakgrunnspáttum af sjö – sjá á næstu síðu. Hlutfallslega fleiri karlar (63,5%) en konur (40,3%) hafa haldist í greininni. Matreiðslumenn starfa fremur í greininni (72,3%) en aðrir – fólk í framreiðslu og bakaraíðn síður (um 44%). Annað sem er marktækt í töflunni á næstu síðu kemur ekki á óvart.



5. Hvers vegna starfar þú ekki við faggrein þína?

	Fjöldi svara	%svarenda	%svara	
Vinnutíminn	46	28,3	25,3	
Líkaði ekki fagið/missti áhugann	29	17,7	15,8	
Léleg laun	22	13,5	12,1	
Fékk annað betra/tilbreyting	22	13,4	12,0	
Veikindi/öryrki	15	8,9	7,9	
Fór í frekara nám	13	8,2	7,3	
Ekki atvinna í boði	11	6,4	5,8	
Atvinnulaus/missti starfið	7	4,3	3,8	
Annað*	18	11,1	9,9	
Gild svör	183	111,8	100,0	

	Fjöldi	%
Svarendur	164	40,1
Svara ekki	10	2,4
Fengu ekki spurningu	235	57,5
Alls	409	100,0

Þess ber að geta hér að menn gátu gefið upp fleiri en eina ástæðu og því eru svörin (183) nokkru fleiri en svarendur (164). Þeir sem eru hættir í faggreininni voru spurðir.

Yfir 28% svarenda nefna vinnutímann sem ástæðu þess að þeir starfa ekki lengur við faggreinina. Næstum 18% líkaði ekki fagið og 13-14% fannst launin léleg.


*Annað

- Fór að vinna í fjölskyldufyrirtæki þar sem þörf var á mér.
- Starfa í fjölskyldufyrirtæki.
- Stofnaði eigin rekstur.
- Bara persónulegum ástæðum.
- Ótraust eignarhald á veitingastöðum.
- Er lærður vélstjóri.
- Þegar ég kom til baka að vinna aftur sem bakameistari ákvað ég að stofna mitt eigið fyrirtæki.
- Er í tengslum við hana.
- Er óviss. Lík sem svo á að ég sé enn að vinna í matvælagreininni.
- Tók mér hvíld.
- Er kominn á eftirlaun.
- Breyttar aðstæður.
- Engin sérstök ástæða.
- Hef enga skýringu.
- Pass.



6. Hefur þú áhuga á að hefja störf að nýju við faggrein þína?

	Fjöldi	%
■ Já	63	40,5
■ Nei	93	59,5
<u>Gild svör</u>	<u>156</u>	<u>100,0</u>




	Fjöldi	%
Gild svör	156	38,2
Veit ekki	20	4,8
Fengu ekki spurningu	233	57,0
<u>Alls</u>	<u>409</u>	<u>100,0</u>

Ríflega 40% þeirra sem starfa ekki lengur við faggreinina hafa áhuga á að hefja störf að nýju, en naumlega 60% hafa ekki áhuga á því. Þeir sem úskrifuðust fyrir skemstu eru áhugasamari um að hefja störf í greininni að nýju – sjá á næstu síðu.



7. Af hverju ekki?

	Fjöldi	%
■ Áhugaleysi/ánægð(ur) í núverandi starfi	36	43,6
■ Vinnutími	21	26,2
■ Fór í frekara nám	9	11,3
■ Betri laun í öðru	6	7,7
■ Heilsufarsástæður	6	7,1
■ Annað*	3	4,1
Gild svör		82 100,0



	Fjöldi	%
Gild svör	82	20,0
Svara ekki	11	2,7
Fengu ekki spurningu	316	77,3
Alls	409	100,0

*Annað

- Eignarhald er ekki gott á veitingastöðum og óstábilt starf.
- Ekkert sérstakt.
- Veit ekki.


Þeir sem hafa ekki áhuga á að hefja störf að nýju voru spurðir af hverju ekki. Næstum 44% sögðu að þeir hefðu ekki áhuga á faggreininni eða meiri áhuga á núverandi starfi og rúmlega 26% nefna vinnutímann.

Svarendur eru of fáir til þess að greina þá eftir bakgrunni.



8. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefðir þú á að kynnast nýjungum í faggrein þinni?

	Fjöldi	%
■ Mjög mikinn	182	44,9
■ Frekar mikinn	118	29,2
■ Í meðallagi mikinn/lítinn	59	14,5
■ Frekar lítinn	21	5,2
■ Mjög lítinn	25	6,1
Gild svör		404 100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal
Gild svör	404	98,9	4,0
Svara ekki	5	1,1	
Alls	409	100,0	Staðalfrávik 1,2

Um 45% hafa *mjög* mikinn áhuga á að kynnast nýjungum í faggrein þeirra og samtals hátt í þrjú fjórðu hafa mikinn áhuga á því (mjög eða frekar mikinn). Aðeins rúmlega 11% hafa lítinn áhuga á nýjungum í faggreininni.


Meðaltal á kvarðanum 1-5 (1=mjög lítinn áhuga; 5=mjög mikinn áhuga) er 4, sem þýðir að svarendur hafa að meðaltali frekar mikinn áhuga á nýjungum í faggreininni.

Þessi áhugi á nýjungum tengist fjölda bakgrunnspáttu eins og sést á næstu síðu. Karlar eru til dæmis áhugasamari en konur og því lengra sem er frá því að menn útskrifuðust því minni áhugi. Matreiðslumenn eru áhugasamastir en þeir í framreiðsluiðn síst áhugasamir. Þeir reyndari eru áhugasamari en þeir sem eru síður reyndir.



9. Af hverju hefur þú lítinn áhuga?

	Fjöldi	%
■ Starfar ekki lengur við greinina	22	52,9
■ Áhugaleysi	16	37,3
■ Annað*	4	9,8
Gild svör		42 100,0



	Fjöldi	%
Gild svör	42	10,2
Svara ekki	4	1,0
Fengu ekki spurningu	363	88,8
Alls	409	100,0

*Annað

- Veit ekki.
- Fáránleg spurning.
- Ækækækæk


Þeir sem sögðust hafa lítinn áhuga á að kynna nýjungum í faggrein sinni voru inntir eftir ástæðum lítils áhuga. Næstum 53% sögðust ekki vinna í greininni og ríflega 37% báru við áhugaleysi.

Of fáir svöruðu spurningunni til þess að unnt sé að greina svörin eftir bakgrunni þátttakenda.



10. Myndir þú mæla með því við ungt fólk að hefja nám í þinni iðngrein?

	Fjöldi	%
■ Já	273	67,2
■ Nei	100	24,6
■ Veit ekki	33	8,2
Gild svör		405 100,0



	Fjöldi	%
Gild svör	405	99,1
Svara ekki	4	0,9
Alls	409	100,0

Tveir þriðju hlutar svarenda segjast geta mælt með því að ungt fólk hefji nám í iðngrein þeirra en næstum fjórðungur geta ekki mælt með því.

Á næstu síðu sést að afstaðan tengist útskriftarári og aldri og svo kemur ekki á óvart að þeir sem starfa ekki við faggreinina geta síður mælt með því að ungt fólk fari í nám í henni en þeir sem starfa við hana.



11. Af hverju ekki?

	Fjöldi svara	%svarenda	%svara	
Vinnutími/ekki fjölskylduvænt	36	38,8	30,3	
Lág laun	31	33,3	26,0	
Erfið vinna/einhæf vinna	21	22,2	17,3	
Ekki framtíð í þessu	8	8,2	6,4	
Léleg/engin réttindi	6	6,1	4,8	
Metnaðarleysi í faginu	4	4,4	3,4	
Lélegar atvinnuhorfur	2	2,5	1,9	
Annað*	12	12,5	9,8	
Gild svör	120	127,8	100,0	

	Fjöldi	%
Gild svör	94	23,0
Svara ekki	6	1,5
Fengu ekki spurningu	309	75,5
Alls	409	100,0

Þeir 100 sem sögðust ekki geta mælt með að ungt fólk fari í nám í faggreininni voru spurðir af hverju ekki. Helst segja menn að það stafi af því að starfið sé ekki fjölskylduvænt vegna vinnutíma, laun séu lág eða vinnan erfið eða einhæf. Hér mátti svara fleiru en einu atriði og því eru svör fleiri en svarendur.

*Annað

- Skýrir sig sjálft.
- Svo margt annað í boði.
- Það er svo margt annað í þessu lífi sem gefur meira.
- Hentar ekki íþróttafólki, o.s.frv.
- Tengslin við upphafið eru skert.
- Því mér finnst önnur tækifæri vera framár.
- Það hefur aldrei komið upp.
- Vantar að þessi könnun spyrji hvort viðkomandi hafi lokið öðru iðnnámi. Ég er með tvö sveinsbréf og starfa í mínu fagi en ekki við matreiðslu. Matreiðsla er frekar slítandi starf og ekkert sérstaklega vel farið með nema og launin drulluléleg.
- Bara vegna framkomu við nema.
- Ekki alveg hentugasta starfið fyrir ungt fólk.



12. Ert þú...?

	Fjöldi	%	
Launþegi	305	74,5	
Atvinnurekandi	52	12,8	
Bótaþegi/heimavinnandi/nemi	18	4,4	
Sjálfstætt starfandi einyrki	18	4,4	
Atvinnuleitandi (atvinnulaus)	10	2,5	
Í fæðingarorlofi	3	0,8	
Annað*	3	0,7	
Gild svör		409	100,0

	Fjöldi	%
Gild svör	409	100,0
Svara ekki	0	0,0
Alls	409	100,0


Um þrjú fjórðu hlutar úrtaksins segjast vera launþegi og ríflega 17% eru atvinnurekandi eða einyrki (12,8% + 4,4%). Þessi spurning er notuð sem bakgrunnur þátttakenda.

Þrjú sem merktu við „annað“ sögðu ýmist pass eða „skiluðu auðu“.



13. Hefur þú mannaforráð?

	Fjöldi	%
■ Já	209	60,2
■ Nei	138	39,8
<u>Gild svör</u>	<u>347</u>	<u>100,0</u>




	Fjöldi	%
Gild svör	347	84,8
Svara ekki	11	2,7
Fengu ekki spurningu	51	12,5
<u>Alls</u>	<u>409</u>	<u>100,0</u>

Hér má sjá að rúmlega þrjú fimmtu hlutar úrtaksins hafa mannaforráð en tveir fimmtu hafa það ekki. Karlar eru líklegri til að stjórna fólki en konur sem og þeir sem starfa í faggreininni og hafa lengri reynslu í henni – sjá á næstu síðu.



14. Hefur þú sótt námskeið tengt þínu fagi síðastliðin tvö ár, það er 2009 eða 2010?

	Fjöldi	%
■ Já	78	33,7
■ Nei	154	66,3
<u>Gild svör</u>	<u>233</u>	<u>100,0</u>



	Fjöldi	%
Gild svör	233	57,0
Svara ekki	2	0,5
Fengu ekki spurningu	174	42,5
<u>Alls</u>	<u>409</u>	<u>100,0</u>

Þessari spurningu svöruðu þeir sem starfa í faggrein sinni og ríflega þriðjungur þeirra hefur sótt námskeið í faginu sl. tvö ár.

Á næstu síðu sést að þeir yngstu sækja frekar námskeið en eldri og þeir sem lærðu framleiðsluöðn ólíklegri til að sækja námskeið en þeir sem eru í hinum greinunum þremur. Þá sækja þeir sem hafa mannaforráð fremur námskeið en aðrir.



15. Af hverju ekki?

	Fjöldi	%	
Áhugaleysi/tímaleysi	77	43,9	
Ekkert spennandi í boði	63	36,0	
Hættur í faginu	18	10,3	
Er í öðru námi	7	4,1	
Bý úti á landi/dýrt	4	2,3	
Annað*	6	3,5	
Gild svör		175	100,0

	Fjöldi	%
Gild svör	175	42,8
Svara ekki	23	5,6
Fengu ekki spurningu	211	51,6
Alls	409	100,0

Þessari spurningu svöruðu þeir sem ekki hafa sótt námskeið á undanförunum tveimur árum.

Stærstu tveir hóparnir segja ástæðuna vera áhugaleysi, tímaleysi eða ekkert spennandi í boði.


*Annað

- Er heimavinnandi.
- Veikindi.
- Veit ekki.
- Búið að vera lítið um það.
- Er að byrja núna að fara á námskeið í næsta mánuði í vinnunni.
- Veit ekki.



17. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með möguleika þína á að þróast í starfi sem fagmaður?

	Fjöldi	%
■ Mjög ánægð(ur)	66	29,0
■ Frekar ánægð(ur)	99	43,1
■ Í meðallagi ánægð(ur) eða óánægð(ur)	44	19,3
■ Frekar óánægð(ur)	14	6,1
■ Mjög óánægð(ur)	6	2,5
Gild svör		229 100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal
Gild svör	229	56,0	3,9
Svara ekki	6	1,5	
Fengu ekki spurningu	174	42,5	Staðalfrávik 1,0
Alls	409	100,0	


Þessari spurningu og mörgum hér á eftir svöruðu þeir sem starfa í faggrein sinni.

Um 72% eru ánægð (mjög eða frekar) með möguleika þeirra til að þróast í starfi og aðeins 8-9% óánægð. Meðaltalið 3,9 á kvarðanum 1-5 þýðir að menn séu almennt frekar ánægðir með möguleikana. Á næstu síðu sést að þessi ánægja/óánægja tengist hvergi bakgrunni fólks.



20. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Stjórnendur í fyrirtæki mínu skapa svigrúm fyrir starfsþróun fagmanna, svo sem að gefa færi á að sækja námskeið, fundi um fagleg málefni og svo framvegis?

	Fjöldi	%
■ Mjög sammála	79	34,5
■ Frekar sammála	85	37,3
■ Í meðallagi sammála/ósammála	25	11,0
■ Frekar ósammála	28	12,3
■ Mjög ósammála	11	4,9
Gild svör	228	100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	228	55,8	3,8	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	181	44,2		1,2
Alls	409	100,0		

Næstum 72% eru sammála því að stjórnendur í fyrirtæki þeirra skapi svigrúm fyrir starfsþróun fagmanna, en yfir 17% eru því ósammála.


Þeir sem eru 41-49 ára eru þessu meira sammála en aðrir (hærra meðaltal) og þeir sem hafa skamma reynslu og stutt síðan þeir útskrifuðust eru síður sammála en aðrir – sjá næstu síðu.



21. Er starfslýsing þín og annarra á vinnustaðnum skýr eða óskýr?

	Fjöldi	%
■ Mjög skýr	109	44,6
■ Frekar skýr	92	37,7
■ Í meðallagi skýr eða óskýr	17	7,2
■ Frekar óskýr	18	7,5
■ Mjög óskýr	8	3,1
Gild svör	244	100,0

	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	244	59,7	4,1	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	165	40,3		1,0
Alls	409	100,0		




Yfir 82% telja starfslýsingu þeirra eða annarra á vinnustaðnum skýra og 10-11% óskýra. Meðaltalið upp á 4,1 er um það bil „frekar skýr“.

Nokkru munar á skoðun manna á þessu eftir aldri og þeir sem stjórna telja starfslýsingar skýrari en aðrir.



22. Hafa stjórnendur almennt mikil eða lítil afskipti af starfi þínu?

	Fjöldi	%
■ Mjög mikil	12	5,9
■ Frekar mikil	51	25,2
■ Í meðallagi mikil eða lítil	57	27,9
■ Frekar lítil	65	31,8
■ Mjög lítil	19	9,3
Gild svör	204	100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	204	49,9	2,9	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	205	50,1		1,1
Alls	409	100,0		


Rúmlega 31% segir afskipti stjórnenda af starfinu mikil, en yfir 41% segir þau lítil.

Á næstu síðu sést að þetta mat svarenda er óháð bakgrunni þeirra.



23. Myndir þú segja að þú ættir auðvelt eða erfitt með að fá aðra vinnu í þínu fagi?

	Fjöldi	%
■ Mjög auðvelt	92	36,8
■ Frekar auðvelt	102	40,8
■ Í meðallagi auðvelt eða erfitt	28	11,4
■ Frekar erfitt	22	8,6
■ Mjög erfitt	6	2,4
Gild svör	249	100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	249	60,9	4,0	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	160	39,0		1,0
Alls	409	100,0		


Mikill meirihluti (77-78%) telur auðvelt að fá vinnu í faginu, en aðeins 11% telja það erfitt.

Þeir sem eru í framreiðsluð og matreiðslu telja þetta auðveldara en þeir sem eru í bakara- og kjötiðni. Þá telja þeir sem hafa mannaforráð auðveldara að fá vinnu í faginu en aðrir.



24. Er mikið eða lítið starfsöryggi í faggrein þinni að þínu álitni?

	Fjöldi	%
■ Mjög mikið	32	14,3
■ Frekar mikið	101	44,9
■ Í meðallagi mikið eða lítið	56	24,6
■ Frekar lítið	25	10,9
■ Mjög lítið	12	5,3
Gild svör	226	100,0



	Fjöldi	%
Gild svör	226	55,3
Svara ekki	9	2,2
Fengu ekki spurningu	174	42,5
Alls	409	100,0

Meðaltal 3,5
Staðalfrávik 1,0


Rúmlega 59% svarenda telja að það sé mikið starfsöryggi í þeirra grein, en rúmlega 16% að það sé lítið.

Karlar telja það öruggara en konur gera, og þeir yngstu fremur en þeir eldri. Þá telja þeir sem eru í kjötið að það sé öruggast og þeir sem eru í framreiðsluiðn óöruggast – sjá á næstu síðu.



25. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Ég er stolt(ur) í starfi mínu?

	Fjöldi	%
■ Mjög sammála	232	65,0
■ Frekar sammála	101	28,4
■ Í meðallagi sammála/ósammála	18	5,0
■ Frekar ósammála	4	1,1
■ Mjög ósammála	2	0,5
Gild svör	357	100,0



	Fjöldi	%		
Gild svör	357	87,3	Meðaltal	4,6
Svara ekki	19	4,6	Staðalfrávik	0,7
Fengu ekki spurningu	33	8,1		
Alls	409	100,0		


Ríflega 93% svarenda eru sammála um að þau séu stolt af starfi sínu og aðeins 1,6% ósammála. Þetta endurspeglast í mjög háu meðaltali.

Þeir sem eru með lengstu reynsluna eru stoltari en hinir – sjá næstu síðu.



26. En ertu sammála eftirfarandi fullyrðingu: Það er ætlast til þess að ég vinni yfirvinnu sé þess þörf?

	Fjöldi	%
■ Mjög sammála	108	44,6
■ Frekar sammála	57	23,7
■ Í meðallagi sammála/ósammála	22	9,0
■ Frekar ósammála	36	14,7
■ Mjög ósammála	19	7,9
Gild svör	241	100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	241	59,1	3,8	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	167	41,0		1,3
Alls	409	100,0		

Ríflega tveir af hverjum þremur svarenda eru sammála um að það sé ætlast til af þeim að vinna yfirvinnu sé þess þörf en 22-23% eru ósammála.


Á næstu síðu má sjá að karlar segja mun frekar en konur að það sé ætlast til að þeir vinni yfirvinnu og þeir sem eru með mannaforráð fremur en hinir.



27. Bjó námið þig vel eða illa undir starf í faggreininni?

	Fjöldi	%
■ Mjög vel	155	38,9
■ Frekar vel	160	40,1
■ Í meðallagi vel eða illa	62	15,5
■ Frekar illa	14	3,4
■ Mjög illa	8	2,0
Gild svör		399 100,0

	Fjöldi	%	Meðaltal
Gild svör	399	97,5	4,1
Svara ekki	10	2,5	Staðalfrávik 0,9
Alls	409	100,0	




Fast að 80% telja að námið hafi búið þá vel undir starf í faggreininni og aðeins 5-6% illa.

Þessi skoðun á náminu er ótengd bakgrunni svarenda.



28. Eru nemendur á námssamningi á vinnustað þínum?

	Fjöldi	%
■ Já	74	34,4
■ Nei	142	65,6
<u>Gild svör</u>	<u>216</u>	<u>100,0</u>



	Fjöldi	%
Gild svör	216	52,9
Veit ekki	2	0,4
Svara ekki/ fengu ekki sp.	191	46,7
<u>Alls</u>	<u>409</u>	<u>100,0</u>


Nemendur eru á námssamningi hjá rösklega þriðjungi (34,4%) svarenda.

Yngri fagmennirnir starfa greinilega fremur hjá fyrirtæki sem er með nemendur á námssamningi (sjá aldur, útskriftarár og reynsla í faggrein), þá er það algengast hjá þeim sem eru í kjötið og hjá þeim sem eru með mannaforráð.



29. Sinnir vinnustaðurinn nemamálum vel eða illa að þínu mati?

	Fjöldi	%
■ Mjög vel	33	44,8
■ Frekar vel	31	41,6
■ Í meðallagi vel eða illa	5	6,4
■ Frekar illa	5	6,3
■ Mjög illa	1	0,8
Gild svör	74	100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	74	18,0	4,2	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	335	82,0		0,9
Alls	409	100,0		


Almennt finnst þeim sem eru á vinnustað með nemendum að þeim sé sinnt vel, eða yfir 86%.

Þar sem fáir svöruðu þessari spurningu er ekki hægt að greina svörin eftir bakgrunni.



30. Myndir þú segja að upplýsingaflæði frá stjórnendum til starfsmanna sé almennt gott eða slæmt innan fyrirtækisins?

	Fjöldi	%
■ Mjög gott	71	29,4
■ Frekar gott	108	44,4
■ Í meðallagi gott/slæmt	36	14,7
■ Frekar slæmt	20	8,2
■ Mjög slæmt	8	3,4
Gild svör		243 100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	243	59,4	3,9	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	166	40,7		1,0
Alls	409	100,0		


Hátt í 74% telja að upplýsingaflæði frá stjórnendum til starfsmanna sé almennt gott í fyrirtæki þeirra, en aðeins 11-12% slæmt.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi telja upplýsingaflæðið betra en launþegar – sjá næstu síðu.



31. Myndir þú segja að upplýsingaflæði frá starfsmönnum til stjórnenda sé almennt gott eða slæmt innan fyrirtækisins?

	Fjöldi	%
■ Mjög gott	65	27,2
■ Frekar gott	112	47,0
■ Í meðallagi gott/slæmt	48	20,3
■ Frekar slæmt	11	4,5
■ Mjög slæmt	2	1,0
Gild svör		239 100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	239	58,4	4,0	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	170	41,5		0,9
Alls	409	100,0		


Yfir 74% telja að upplýsingaflæði frá starfsmönnum til stjórnenda sé almennt gott í fyrirtæki þeirra, sem er mjög svipuð niðurstaða og um upplýsingaflæðið frá stjórnendum til starfsmanna. Hér eru þó færri sem telja það slæmt, eða 5-6%.

Þetta mat er óháð bakgrunni svarenda.



32. Ertu sammála eða ósammála fullyrðingunni: Ég hef tækifæri til að taka þátt í vörupróun og nýjungum innan fyrirtækisins?

	Fjöldi	%
■ Mjög sammála	86	42,7
■ Frekar sammála	73	36,5
■ Í meðallagi sammála/ósammála	17	8,5
■ Frekar ósammála	15	7,3
■ Mjög ósammála	10	5,0
Gild svör		200 100,0




	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	200	49,0	4,0	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	208	51,0		1,1
Alls	409	100,0		

Hátt í 80% svarenda eru sammála því að þau hafi tækifæri til að taka þátt í vörupróun og nýjungum í fyrirtækinu sem þau vinna hjá. Ríflega 12% eru ósammála. Meðaltalið 4,0 sýnir að hópurinn er að jafnaði „frekar sammála“. Þetta tengist því hvort menn starfi í faggreininni eða ekki, þannig að starfi menn í henni því meira sammála eru þeir fullyrðingunni.



33. En ertu sammála eða ósammála fullyrðingunni: Ég hef góð tök á öllum þáttum starfs míns?

	Fjöldi	%
■ Mjög sammála	141	55,5
■ Frekar sammála	99	38,7
■ Í meðallagi sammála/ósammála	11	4,5
■ Frekar ósammála	3	1,1
■ Mjög ósammála	1	0,2
Gild svör	255	100,0




	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	255	62,4	4,4	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	154	37,6		0,7
Alls	409	100,0		

Langflestir, eða hátt í 95%, eru sammála því að þeir hafi góð tök á öllum þáttum starfs þeirra, en aðeins örfáir (1,3%) eru því ósammála.. Það er athyglisvert að meðaltalið er hærra hjá launþegum en atvinnurekendum og sjálfstætt starfandi – sjá á næstu síðu.



34. Þegar á heildina er lítið hefur þú mikil eða lítil áhrif á það hvernig starfið er unnið?

	Fjöldi	%
■ Mjög mikil	157	61,8
■ Frekar mikil	64	25,3
■ Í meðallagi mikil eða lítil	22	8,6
■ Frekar lítil	9	3,4
■ Mjög lítil	2	0,9
Gild svör		253 100,0




	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	253	61,8	4,4	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	156	38,0		0,9
Alls	409	100,0		

Rúmlega 87% segja að þau hafi mikil áhrif á það hvernig starf þeirra er unnið, en aðeins rúmlega 4% að áhrifin séu lítil. Þeir sem hafa mannaforráð og atvinnurekendur telja sig hafa meiri áhrif á hvernig starfið er unnið (hærra meðaltal) en aðrir.



35. Fylgir mikil eða lítil streita starfi þínu?

	Fjöldi	%
■ Mjög mikil	71	19,8
■ Frekar mikil	123	34,2
■ Í meðallagi mikil eða lítil	105	29,2
■ Frekar lítil	50	13,8
■ Mjög lítil	11	3,0
Gild svör		360 100,0




	Fjöldi	%		
Gild svör	360	87,9	Meðaltal	3,5
Svara ekki/ fengu ekki sp.	49	12,1	Staðalfrávik	1,1
Alls	409	100,0		

Vel yfr helmingur (54%) segir að mikil streita fylgir starfi þeirra, en aðeins tæplega 17% að hún sé lítil. Mun hærri streita er hjá fólki með mannaforráð og atvinnurekendum en öðrum.



36. Ertu sammála eða ósammála fullyrðingunni: Vinnuumhverfi í fyrirtækinu er skapandi og hvetjandi?

	Fjöldi	%
■ Mjög sammála	66	26,2
■ Frekar sammála	105	42,0
■ Í meðallagi sammála/ósammála	43	17,1
■ Frekar ósammála	27	10,8
■ Mjög ósammála	10	4,0
Gild svör	250	100,0




	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	250	61,2	3,8	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	159	38,8		1,1
Alls	409	100,0		

Hér fyrir ofan má sjá að yfir 68% eru sammála því að vinnuumhverfi þeirra sé skapandi og hvetjandi, en tæplega 15% eru ósammála. Fleiri í elsta hópnum en í öðrum eru þessu sammála og atvinnurekendur fremur en launþegar.



37. Þegar á heildina er litið ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) í núverandi starfi þínu?

	Fjöldi	%
■ Mjög ánægð(ur)	187	52,7
■ Frekar ánægð(ur)	125	35,2
■ Í meðallagi ánægð(ur) eða óánægð(ur)	27	7,7
■ Frekar óánægð(ur)	10	2,8
■ Mjög óánægð(ur)	6	1,6
Gild svör	355	100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal
Gild svör	355	86,8	4,3
Svara ekki/ fengu ekki sp.	54	13,2	Staðalfrávik 0,9
Alls	409	100,0	


Um 88% svarenda eru ánægð í starfi sínu, aðeins 4-5% óánægð. Meðalgildið (4,3) á kvarðanum 1-5 er mjög hátt á þessum þætti. Á næstu síðu má sjá að atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi eru heldur ánægðari en launþegar.



38. Er umræða um fyrirtækið á vinnustaðnum almennt vinsamleg eða óvinsamleg?

	Fjöldi	%
■ Mjög vinsamleg	85	35,2
■ Frekar vinsamleg	116	47,8
■ Í meðallagi vinsamleg/óvinsamleg	30	12,6
■ Frekar óvinsamleg	7	2,7
■ Mjög óvinsamleg	4	1,7
Gild svör		242 100,0

	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	242	59,1	4,1	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	167	40,9		0,9
Alls	409	100,0		




Um 83% segja að umræðan um fyrirtækið á vinnustaðnum sjálfum er almennt vinsamleg – aðeins 4-5% segja að hún sé óvinsamleg. Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi telja að umræðan sé vinsamlegri en launþegar telja.



39. Ertu sammála eða ósammála fullyrðingunni: Það er eftirsóknarvert að vinna á mínum vinnustað?

	Fjöldi	%
■ Mjög sammála	121	35,7
■ Frekar sammála	136	40,2
■ Í meðallagi sammála/ósammála	45	13,4
■ Frekar ósammála	28	8,2
■ Mjög ósammála	8	2,4
Gild svör	337	100,0



	Fjöldi	%		
Gild svör	337	82,5	Meðaltal	4,0
Svara ekki/ fengu ekki sp.	72	17,5	Staðalfrávik	1,0
Alls	409	100,0		


Yfir þrjú fjórðu svarendaeru sammála því að það sé eftirsóknarvert að vinna á vinnustað þeirra, en 10-12% eru ósammála því. Menn eru að meðaltali „frekar sammála“ fullyrðingunni. Afstaðan er ótengd bakgrunni svarenda.



40. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með vinnuaðstöðu í fyrirtækinu?

	Fjöldi	%
■ Mjög ánægð(ur)	103	40,7
■ Frekar ánægð(ur)	103	40,7
■ Í meðallagi ánægð(ur) eða óánægð(ur)	35	13,8
■ Frekar óánægð(ur)	10	4,0
■ Mjög óánægð(ur)	2	0,9
Gild svör	253	100,0

	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	253	61,8	4,2	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	156	38,0		0,9
Alls	409	100,0		




Yfir 81% er ánægðt með vinnuaðstöðu sína og aðeins um 5% óánægð. Að meðaltali eru menn meira en „frekar ánægðir“ með vinnuaðstöðuna. Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi eru ánægðari en launþegar – sjá á næstu síðu.



41. En ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með tækjabúnað og verkfæri innan fyrirtækisins?

	Fjöldi	%
■ Mjög ánægð(ur)	105	41,9
■ Frekar ánægð(ur)	98	39,1
■ Í meðallagi ánægð(ur) eða óánægð(ur)	26	10,3
■ Frekar óánægð(ur)	17	6,8
■ Mjög óánægð(ur)	5	1,9
Gild svör	250	100,0




	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	250	61,3	4,1	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	158	38,7		1,0
Alls	409	100,0		

Hér eru eins margir ánægðir með tækjabúnað og verkfæri í fyrirtækinu og voru með vinnuástöðuna, eða 81%, á meðan 8-9% eru óánægð. Þetta mat fólks er óháð bakgrunni þess.



42. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með starfsandann í fyrirtækinu?

	Fjöldi	%
■ Mjög ánægð(ur)	173	50,5
■ Frekar ánægð(ur)	123	35,8
■ Í meðallagi ánægð(ur) eða óánægð(ur)	36	10,4
■ Frekar óánægð(ur)	5	1,3
■ Mjög óánægð(ur)	7	2,0
Gild svör	342	100,0




	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	342	83,8	4,3	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	161	39,5		0,9
Alls	409	100,0		

Almennt eru menn mjög ánægðir með starfsandann í fyrirtækinu, eða yfir 86% segja svo – aðeins 3-4% eru óánægð. Sjá má á næstu síðu að ekki fannst marktækur munur á þessu milli mismunandi bakgrunnshópa.



43. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með launakjör þín?

	Fjöldi	%
■ Mjög ánægð(ur)	42	12,1
■ Frekar ánægð(ur)	130	37,1
■ Í meðallagi ánægð(ur) eða óánægð(ur)	96	27,6
■ Frekar óánægð(ur)	49	14,1
■ Mjög óánægð(ur)	31	9,0
Gild svör	349	100,0



	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	349	85,3	3,3	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	161	39,5		1,1
Alls	409	100,0		

Fleiri eru ánægðir með launakjör sín en óánægðir, eða yfir 49% á móti rúmlega 23%. Hátt í 28% eru þar á milli. Stjórnendur (atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi og þeir sem hafa mannaforráð) eru ánægðari en aðrir með launakjörin.


Því styttra sem liðið hefur frá útskrift því ánægðara er fólk með launakjörin (sjá næstu síðu) og stjórnendur eru ánægðari en aðrir.



44. En ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með öryggi og aðbúnað á vinnustaðnum?

	Fjöldi	%
■ Mjög ánægð(ur)	101	40,7
■ Frekar ánægð(ur)	114	46,0
■ Í meðallagi ánægð(ur) eða óánægð(ur)	25	10,0
■ Frekar óánægð(ur)	6	2,6
■ Mjög óánægð(ur)	2	0,7
Gild svör	248	100,0


	Fjöldi	%	Meðaltal	Staðalfrávik
Gild svör	248	60,6	4,2	
Svara ekki/ fengu ekki sp.	161	39,5		0,8
Alls	409	100,0		



Yfirgnæfandi mikill meirihluti (86,7%) er ánægður með öryggi og aðbúnað á vinnustað sínum. Aðeins ríflega 3% eru óánægð. Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi eru ánægðari en launþegar.



Skýringarlíkan sem sýnir hvaða þættir í könnuninni skýrðu tölfræðilega mest (55,3%) af því hversu eftirsóknarvert og ánægjulegt það væri að vinna á núverandi vinnustað.



Í þessari skýrslu var aðhvarfsgreiningu (e. regression) beitt til að athuga hvaða þættir í könnuninni skýrðu mest af því hversu eftirsóknarvert og ánægjulegt það væri fyrir útskrifaða iðnsveina að vinna á núverandi vinnustað. Saman skýrðu spurningarnar fjórar á myndinni hér fyrir ofan 55,3% af breytileikanum í spurningum 37. og 39. eftir að þær voru sameinaðar – sem sé spurningarnar um starfsánægju og hve eftirsóknarvert er að vinna á vinnustaðnum.

Nánast allir þeir þættir sem spurt var um í könnuninni voru settir í greininguna og í ljós kom að fjórir þeirra höfðu marktæk áhrif á spurningarnar tvær. Gríski bókstafurinn β (betastuðull) sem er á hverri áhrifalínu segir til um hversu mikil áhrifin eru í hverju tilviki fyrir sig; í öllum tilvikum eru þau marktæk en þau teljast mjög sterk við $\beta = 0,20$ eða hærra gildi.

Út frá líkaninu sést að upplifun iðnsveina á því hversu skapandi og hvetjandi vinnuumhverfið þeirra er hefur afgerandi ($\beta = 0,50$) jákvæð áhrif á viðhorf þeirra til hversu ánægjulegt og eftirsóknarvert er að vinna á vinnustaðnum. M.ö.o., sá/sú sem er upplifir vinnuumhverfi sitt sem skapandi og hvetjandi finnst starf sitt einnig ánægjulegt og eftirsóknarvert. Að sama skapi er sá/sú sem upplifir ekki vinnuumhverfi sitt sem skapandi og hvetjandi ekki líkleg(ur) til að finnast að starf sitt sé ánægjulegt og eftirsóknarvert.